

Fundargerð 12. fundar, 4. desember 2015

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Páll Þórhallsson, Aðalheiður Ámundadóttir, Elfa Ýr Gyldadóttir, Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður)

1. Fundur hófst á því að Páll Þórhallsson fór yfir ýmis atriði í tengslum við refsingar og önnur réttarúrræði vegna ærumeiðinga

Páll fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið á löggjöf um ærumeiðingar í Noregi. Sjá Ærekrenkelsur, skjal inn á basecamp. Þar hefur þetta verið fært inn í skaðabótalög. Samkvæmt lögunum geta menn orðið skaðabótaskyldir ef þeir setja fram ærumeiðandi ummæli af gáleysi. Þar er einnig ákvæði er verndar æru látinna manna. Þar er einnig að finna undanþáguákvæði, sem virðist vera byggt á dómaframkvæmd frá Strassburg og Noregi.

Páll fór yfir tillögur sem fram komu í kandidatsritgerð Þorsteins Júlíusar.

Páll fjallaði um hvernig framkvæmdin er í Bretlandi, Lúxemburg o.fl., þar sem finna má ýmsar refsileysisástæður. Sem dæmi má nefna ef ummæli eru efnislega rétt, þau hafa varðað almenning miklu, tjáning telst lögmæt þar sem ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga leiða til annarrar niðurstöðu o.fl.

Umræður hófust um hvort æskilegra væri að setja ákvæði um réttarúrræði vegna ærumeiðinga í skaðabótalög eða sérlög. Uppbygging íslensku skaðabótalaganna var skoðuð. Páll Þórhallsson sagði mikilvægara á þessum tímapunkti að ákveða hvernig ákvæðin ættu að vera efnislega frekar en hverskonar lagabálg ákvæðin ættu að tilheyra.

Fjallað var um b-lið 26. gr. skaðabótalaga en ákvæðið fjallar eingöngu um miskabætur en ekki skaðabætur.

Páll velti upp þeirri spurningu hvort eyða mætti ákvæðum um ómerkingu ummæla úr löggjöf. Niðurstaðan var fremur á þá leið að slíkt væri ekki æskilegt. Páll sagði að ef ómerking ummæla eigi að vera inni í íslenskri löggjöf sé brýnt að skýra betur hvað felist í úrræðinu. Hann lagði til að tengja ákvæðin við siðanefnd, líkt og gert er hjá Írum.

Páll fjallaði um Ireland Defamation Act. Næst fór hann yfir hlutverk „press council“ í írskum lögum, þar sem tilgreindar eru refsileysisástæður. Hann sagði vel hægt að vinna með þessar undanþágur og að þær væru í raun kjarninn í því sem t.d. Norðmenn eru að reyna að endurspeglar með sinni löggjöf. Aðalheiður minnti á að það þurfi að taka afstöðu til upphafpunkts fyrningar við endurskoðun ákvæðanna.

Páll varpaði fram spurningu um hvort unnt væri að færa ómerkingarúrræðið til stjórnáslunefndar. Elfa Ýr fór yfir álit 2/2014 á vefsíðu fjölmiðlanefndar („grínistar hringborðsins“) og sagði niðurstöðu þess máls hafa ígildi ómerkingar. Páll minnti á að ómerkingin þvingar dómara í máli til að taka

afstöðu til einstakra setninga eða setningabúta. Ef ómerkingin fellur út geti dómari komist að niðurstöðu að teknu tilliti til heildarsamhengis.

Páll sagði íslenska dóma í meiðyrðamálum og dómur MDE vera farna að snúast minna um hvort að ummæli hafi verið sönn eða ekki heldur frekar um hvort sá sem viðhafði ummæli hafi haft ástæðu til að birta þau. Af þessu telur hann leiða að krafa um sönnun ummæla (og þar með ómerking) kunna að vera að úreltast að ákveðnu leyti, enda er sjónum þá beint að einhverju sem er ekki þungamiðja í meiðyrðamálum nútímans.

2. Nokkrar grundvallarspurningar vegna refsingar og annarra réttarræða vegna ærumeiðinga og afstaða fundarins til þeirra

1. Er æskilegt að mæla fyrir um (og hve ítarlega) hvað dómari á að hafa í huga þegar hann hann metur hvort ummæli séu refsiverð

Hörður Helgi spurði hvort það sé nóg að setja þessi viðmið í greinargerð. Aðalheiður lýsti þeirri skoðun sinni að hún teldi þörf á að lögfesta einhver grunnviðmið. Elfa Ýr tók undir með henni.

2. Á að halda ógildingu/ómerkingu inni.

Fundarmenn ályktuðu að það ætti að halda ómerkingu ummæla inni í íslenskri löggjöf en það þyrfti að gera það að einkaréttarlegu úrræði. Nauðsynlegt er að úrræðið verði skýrt með greinargerð.

3. Á þetta að vera í skbl. eða sérlögum

Hörður Helgi sagðist vera farinn að hallast að sérlögum, sérstaklega ef við höldum ómerkingu inni. Vísaði hann til hversu ólík norsku og íslensku skaðabótalögin eru.

4. Eiga látnir menn að njóta æruverndar

Fundarmenn voru sammála um það.

5. Hvenær er fynringarpunktur ærumeiðinga.

Fundarmenn voru sammála um að það eigi að setja slíkt ákvæði inn.